

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók til umfjöllunar frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga.

Eftirfarandi var bókað sem umsögn um frumvarpið:

Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 10. febrúar 2017; frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga (þingmál 128).

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að taka undir umsögn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um umrætt frumvarp.

Jafnframt vill byggðaráð Bláskógabyggðar benda á að inni í fyrirbyggjandi frumvarp vantar ákvæði um heimild til veitingar sérstaks leyfis til farþegaflutninga við ferðaðþjónustu. Vísað er til 31. greinar eldra frumvarps, nr. 874/144, sem tekur vel á þessum málum, en hún er þannig hljóðandi:

Ferðaðþjónustuleyfi.

Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðaðþjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi skv. 12. gr.

Skilyrði ferðaðþjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðaðþjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsöndu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðaðþjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri affreyningu sem er hluti af ferðaðþjónustu. Ökutæki ferðaðþjónustuleyfishafa skulu vera merkt rekstraraðila. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðaðþjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði.

Byggðaráð Bláskógabyggðar leggur til að sambærileg grein verði sett inn í fyrirbyggjandi frumvarp.

Ef ákvæði sem þetta er ekki inni í lögum þá er einungis hægt að aka ferðamönnum í rútu eða leigubil, eða þá á sérútbúinni bifreið skv. 20. grein reglugerðar um fólksflutninga nr. 528/2002. Þetta fyrirkomulag er ekki ásættanlegt fyrir ferðaðþjónustuaðila, þá sérstaklega þá sem eru staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Þá mun þetta einnig vera mikil hvati fyrir ferðamenn að taka á leigu eigin bifreið sem er ekki endilega það sem þörf er á að teknu tilliti til ástands vegakerfisins.

Bestu kveðjur,

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar